Flutt kr. 14224.70 59

2. Tekjur sjóðsins á árinu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Vextir af bankavaxtabréfum | kr. 332.50 | | |
| b. — — hlutabréfi í Eimskip | — 40.00 | | |
| c. — — hlutabr. Íshúsfél. | — 159.50 | | |
| d. — — skuldabr. í Rafveitunni | — 10.00 | | |
| e. — — skuldabr. Hj. Kr. | — 3.86 | | |
| f. — — sparisjóði | — 100.91 | | |
| g. Selt hlutabréf (umfram nafnverð) (Raflf) | — 160.10 | — | 806.87 |
| | | Kr. | 15031.57 |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Leiga á geymsluhólfi | | kr. | 15.00 |
| 2. Til næsta árs: | | | |
| a. Bankavaxtabréf | kr. 6900.00 | | |
| b. Ýmis verðbréf | — 2330.00 | | |
| c. Skuldabréf með afborgun | — 77.10 | | |
| d. Erlend verðbréf | — 150.00 | | |
| e. Innstæða í sparisjóði | — 5559.47 | — | 15016.57 |
| | | Kr. | 15031.57 |

Ísafirði, 31. des. 1942.

**Þorsteinn Sveinsson.**

# AUGLÝSING 60

25. marz

## um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakauptún frá 5. september 1939.

1. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Hin löggilta höfn nær yfir svæði, sem takmarkast þannig: Að sunnan ræður bein lína vestur á fjörðinn eftir sammiði tveggja hvítra varða við Vallahöfða, að norðan ræður bein lína vestur á fjörðinn eftir sammiði tveggja hvítra varða á norðurtakmörkum Hvammstangahrepps. Til vesturs nær höfnin svo langt út á fjörðinn sem skip liggja.

Reglugerðarbreyting þessi er hér með gerð samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna o. fl. Öðlast hún gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Páll Pálmason.*